

Skipulag útivistarsvæða í Ísafjarðarbæ

Skipulag útivistarsvæða í Tungu- og Seljalandsdal

Markmið verkefnisins er að skipuleggja útivistarsvæði í Ísafjarðarbæ. Fyrst er horft til Tungu- og Seljalandsdals, ásamt tengingum við útivistarsvæði í Holtahverfi og Seljalandsmúla. Afurð verkefnisins yrði grunnur að nútímalegu skipulagi af firðinum þar sem fram kæmi framtíðarnotkun svæðanna með heilsárs notkun í huga fyrir íbúa og gesti, sem síðan yrði að deiliskipulagi og hluti af endurskoðun aðalskipulags Skutulsfjarðar. Meðfylgjandi yrðu greinargóðar lýsingar á verkefnum, kostnaðarmat og verkáætlun. Þannig væri hægt að fara í einstök verkefni og klára þau eftir því sem staða bæjarsjóðs leyfir.

Verkefni Umhverfis- og framkvæmdanefndar er að koma með tillögu að verklagi, tímasetja áætlun og fylgja því eftir að afurð verkefnisins verði vönduð og góð.

Afmörkun verkefnisins er:

Tunguskógur (Dagverðardalur)

- Hönnun og skipulag svæðisins sem útivistarsvæðis með áherslu á göngu- skíða og hjólaleiðir.
- Hönnun og skipulag áningarstaða með leiktækjum og opnum samverusvæðum. Frekari hönnun á þjónustusvæði/tjaldsvæði
- Endurskoðun bygginasvæðis, skógræktar og ósnortinnar náttúru ásamt hönnun á heildarmynd sam skapar samfellu milli ólíkra nýtingarmöguleika.

Seljalandsdalur/Tungudalur

- Hönnun og skipulag skíðasvæðis með hliðsjón að heilsárs notkunn fyrir íbúa og gesti. Gert skal ráð fyrir skíða-, hjóla- hlaupaleiðum ásamt, annarri útivist.
- Staðsetning skíðalyfta og skíðaleiða til framtíðar og framtíðarmöguleikum. Afmörkun svæða með tilliti til notkunar.

Skutulsfjörður

Skipulag göngu- hlaupa- hjóla og skíðastíga ásamt hönnun á heildarmynd fjarðarins sem skapar samfellu.

Verkefnið skal vinna í góðri samvinnu við íbúa og aðra hagsmunaaðila og í samráði við skipulagsnefnd og embættismenn Ísafjarðarbæjar.

Starfshópur um verkefni

- Formaður Umhverfis- og framkvæmdanefndar
- Sviðstjóri Framkvæmdasviðs
- Skipulags og byggingarfulltrúi
- Fulltrú frá Íþrótt- og tómstundanefnd.

Stofnaður af Umhverfis og framkvæmdanefnd ásamt fulltrúa frá Íþrótt- og tómstundanefnd, til að fylgja verkefninu eftir

Starfshópurinn skilar greinagerð og fundagerðum til Umhverfis- og framkvæmdarnefndar ásamt tillögum.

Starfshópurinn er ólaunaður

Starfshópurinn ræður verkefnastjóra sem sér um gagnaöflun, skipulag og uppsetningu funda með íbúum og hagsmunaaðilum. Verkefnastjóri sér einnig um að gerðar verði teikningar af framtíðarnotkun svæðisins og þeim skilað með greinargóðri skýrslu þar sem farm kemur lýsing á verkefnum, kostnaðargreining og verkáætlun.

Verkefnastjóri

- Launað starf samkvæmt samningi.
- Verkefnastjóri sér um gagnaöflun sem tengist svæðinu t.d vatnsvernd, minjavernd, eignarhald á landi, núverandi notkun og fl.
- Skipuleggur og heldur utan um íbúafund þar sem kallað er eftir hugmyndum og framtíðarsýn íbúa tengda þessum svæðum.
- Skipuleggur og heldur utan um fund með hagsmunaaðilum þar sem kallað er eftir hugmyndum og framtíðarsýn.
- Skilar skýrslu með greinargóðum lýsingum á verkefninu, kostnaðarmati og verkáætlun, ásamt teikningu sem nýtist sem grunnur að deiliskipulagi og hluti af endurskoðun Aðalskipulags.

Tímalína

- Tillaga að starfshópi, verkáætlun og verkefnastjóra, lagt fyrir bæjarráð 12. nóvember
- Gagnaöflun verkefnastjóra, lagt fyrir starfshóp 19. nóvember
- Úrvinnsla íbúafundar, lagt fyrir starfshóp 26. nóvember
- Úrvinnsla fundar með hagsmunaaðilum, lagt fyrir starfshóp 3. desember.

- Hugmyndir og tillögur lagðar fram í grófum uppdrætti fyrir starfshóp þann 10. des
- Starfshópur kynnir hugmyndir og tillögur fyrir Skipulagsnefnd og Íþróttá og tólmstundanefnd vikuna 10. – 14. desember
- Teikningar ásamt endanlegri skýrslu lagðar fyrir starfshóp 17. desember

Kostnaður við verkefnið árið 2018 er áætlaður 4,5 millj.

Gert ráð fyrir að verkefnið haldi áfram árið 2019, en það ræðst að fjárhagsáætlun.

Verkefni ársins 2019

Fá skíðasvæða arkitekta til að hanna og teikna skíðasvæði í Tungu- og Seljalandsdal út frá framtíðarsýn íbúa og hagsmunaaðila.

Seljalandsdalur/Tungudalur; Hönnun og skipulag skíðasvæðis með hliðsjón að heilsárs notkun fyrir íbúa og gesti Gert skal ráð fyrir skíða-, hjóla- hlaupaleiðum ásamt, annarri útivist. Staðsetning skíðalyfta og skíðaleiða til framtíðar og framtíðarmöguleikum. Afmörkun svæða með tilliti til notkunnar. Hönnun á Skíðasvæði í Tungu og Seljalandsdal

Mögulegur kostnaður við verkið 12. -15 millj.

Fá landslagshönnuði til að hanna og teikna útivistarsvæði í Tunguskógi út frá framtíðarsýn íbúa og hagsmunaaðila

Tunguskógur (Dagverðardalur). Hönnun og skipulag svæðisins sem útivistarsvæðis með áherslu á göngu- skíða og hjólaleiðir. Hönnun og skipulag áningarstaða með leiktækjum og opnum samverusvæðum. Frekari hönnun á þjónustusvæði (tjaldstæði). Endurskoðun byggingasvæðis, skógræktar og ósnortinnar náttúru ásamt hönnun á heildarmynd sam skapar samfelli milli ólíkra nýtingarmöguleika.

Mögulegur kostnaður við verkið 7. – 10. millj.